

Sp.

449. Nefndarálit

um styrk til flóabáta.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefndin hefur eins og áður unnið að flóabátamálunum og gerir nú í samráði við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins tillögur um styrki til þessara samgangna 1947, og verður heildartillagið í þessu skyni tekið upp í fjárlagafrumvarpið, sem nú liggur fyrir Alþingi. Skýrsla forstjórans er samkvæmt venju prentuð sem fylgiskjal með þessu nál. Sömu skilyrði og áður gilda um greiðslu þessara styrkja.

Um ýmsa þætti flóabátasamgangnanna skal að öðru leyti tekið fram það, sem hér fer á eftir.

Faxaflóasamgöngur. — H/f Skallagrímur í Borgarnesi hefur haldið uppi þessum samgöngum 1946 með m/s Laxfossi m. m. Sama skip hefur og farið ferðir til Vestmannaeyja, eins og ráð var fyrir gert. Vegna þess m. a. telur félagið sig hafa orðið að fá til ferðanna annan bát á Faxaflóa, og stafi aðallega af því halli á rekstrinum, sem nefndin hafði síðast talið ríkisstjórninni heimilt að greiða (120 þús. kr.). En nú er ætlað til, að þessar ferðir (á Faxaflóa, þ. e. samgöngurnar við Akranes og Borgarnes) verði reknar styrklaust, því að gert er ráð fyrir, að Vestmannaeyjum verði séð fyrir ferðum með öðrum hætti. En það skal þó tekið fram, að ef ríkisstjórn eða forstjóra Skipaútgerðarinnar þykir nauðsyn til bera að fá Laxfoss til sérstakra ferða þangað og af því leiði halla, telur nefndin óhjákvæmilegt að bæta það úr ríkissjóði á sínum tíma.

Breiðafjarðarsamgöngur. — Ætlað er til, að ferðir haldist með líkum hætti og s. l. ár um Breiðafjörð sunnan og norðan. Stykkishólmsbátur er hækkaður í styrk um 3000 kr. og fær auk þess 7000 kr. uppbót vegna rekstrarhalla. Flateyjarbátur hækkar um samtals 4000 kr. og fær greiddan síðari hluta endurbyggingarstyrks, samkv. ákvörðun á f. á., 50000 kr. Af hinum smærri farkostum þar hækkar Langeyjarnesbátur um 1500 kr. og fær uppbót vegna halla (sökum óhjákvæmilegrar aðgerðar) 1000 kr. Aðrir standa í stað að þessu sinni.

Ísafjarðarsamgöngur. — Djúpbáturinn (m/s Fagranes) annast þessar ferðir eins og undanfarin missiri. En eigi hefur orðið komið hjá að hækka styrkinn til þessara ferða nokkuð, vegna sivaaxandi tilkostnaðar, og nemur hækkingin á rekstrarstyrk 10000 kr. og 15000 kr. hallastyrkur. Síðari greiðsla af uppbótarstyrk (vegna vélakaupa), sem samþykktur var á síðasta þingi, kemur nú til útborgunar 50000 kr.

Norðurlandssamgöngur. — Þess er vænt, að takast muni að halda uppi þessum samgöngum með viðunanlegum hætti, þótt við ýmsa erfiðleika sé að etja. Húnaflóa- og Strandabátur fer að vísu í styrk aðeins upp um 5000 kr. og fær uppbót vegna halla 8000 kr. (var á s. l. ári í 55000 kr. ásamt hallastyrk 22000 kr.), en eins og kemur fram í skýrslu forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, þarfnast viðkomandi bátur nýrrar vélar, og er lagt til, að ríkisstjórnin með aðstoð forstjórans sjái útgerðinni fyrir fullnægjandi láni til þess (áætlað 60 þús. kr.), því að nefndin telur ekki lengur fært að ákvarða slík útgjöld sem styrkveiting, þegar um farkosti er að ræða, sem óvissir geta talizt til þessara ferða í framtíðinni. — Hinum sameiginlega Norðurlandsbát er, af knýjandi nauðsyn, ætlaður hækkaður rekstrarstyrkur um 30000 kr. og vegna rekstrarhalla á s. l. ári 15000 kr. Flateyjarbátur á Skjálfanda hækkar úr 10000 í 11000 kr.

Austfjarðasamgöngur. — Þær hafa verið og eru að miklu leyti á vegum Skipaútgerðarinnar. Styrkur til fjarðabátanna hækkar samtals um nokkur þús. kr. og innansýslubátar í A.-Skaftafellssýslu um nokkur hundruð kr.

Suðurlandsskip hækkar tæplega eftir vísitöluhækkun (upp í 70 þús. kr.). Sama má og segja um heildarhækkunina, sem ætlað er til, að verði á þessum fjárlagalið, að hún er, þrátt fyrir allt, minni en vísitalan gæti gefið tilefni til, og má það gott heita.

Að lokum telur nefndin, að fela verði Skipaútgerð ríkisins, eins og jafnan áður, að annast um þessi mál í framkvæmd, enda má að sjálfsgöðu vænta hatnandi hags

í þessum samgöngum, er hin nýju og fullkomnu strandferðaskip koma til sögunnar á þessu ári.

Samkvæmt tillögum þeim, sem hér liggja fyrir, áætla nefndin fjárlagastyrkinn 1947 til flóabátaferðanna kr. 916200.00, er skiptist þannig:

Djúpbátur (210 000+50 000+15 000)	kr. 275 000
Húnaflóa- og Strandabátur (60 000+8 000)	— 68 000
Skagafjarðar—Fljótabátur til Siglufjarðar júní—okt.	kr. 23 000
Norðurlandsbátur júní—okt.	— 43 000
Sameiginl. bátur f. Skagafj. og Eyjafj. (114 000+15 000) —	129 000

	— 195 000
Hriseyjarbátur	— 3 000
Flateyjarbátur (á Skjálfanda)	— 11 000
Hornafjarðar—Austfjarðabátur	— 30 000
Fjarðabátar:	
a. Loðmundarfjarðarbátur	— 3 000
b. Norðfjarðarbátur	— 18 000
c. Mjóafjarðarbátur	— 10 000
d. Eskifjarðarbátur	— 16 000
e. Berufjarðarbátur	— 4 000
Suðurlandsskip	— 70 000
Mýrabátur (á Faxaflóa)	— 2 500
Til Breiðafjarðarsamgangna:	
1. Flateyjarbátur, venjul. ferðir (20 000+50 000)	— 70 000
2. Sami, vikul. ferðir: Flatey—Brjánsl.—Kinnarst.—Flatey	— 24 000
3. Patreksfjarðarbátur	— 2 000
4. Stykkishólmsbátur (31 000+7 000)	— 38 000
5. Langeyjarnesbátur (3 500+1 000)	— 4 500
6. Skógarstrandarbátur	— 3 500
Til bátaferða innan A.-Skaft. (þar af 2 500 til Öraefa)	— 5 500
Til ferða milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja	— 60 000
Rangársandsbátur	— 2 000
Til Selvogsferða	— 1 200

Alþingi, 24. febr. 1947.

Gísli Sveinsson, form. Nd.-nefndar, frsm.	Eiríkur Einarsson, form. Ed.-nefndar.	Páll Þorsteinsson, fundaskr. Nd.-nefndar.
Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr. Ed.-nefndar.	Barði Guðmundsson.	Sigurður Bjarnason.
Arnfinnur Jónsson.	B. Kristjánsson.	Þorst. Þorsteinsson.
	Hannibal Valdimarsson.	

Fylgiskjal.

Háttvirt samvinnunefnd samgöngumála Alþingis hefur óskað eftir, að ég gerði yfirlit yfir rekstur flóabátanna á s. l. ári og gerði jafnframt tillögur um styrki til þeirra á þessu ári. Vil ég með eftirfarandi leyfa mér að verða við þessum óskum, eftir því sem efni standa til.

Djúpbáturinn. — H/f Djúpbáturinn, Ísafirði, hefur eins og að undanfögnu annazt flóabátaferðir um Djúpið og nágrenni með m/b Fagranesi. Báturinn hefur siglt eftir fastri áætlun, og fer hann venjulega tvisvar í viku um Djúpið og eina ferð í viku til Jökulfjarða og Aðalvíkur. Þá hafa einnig verið farnar fjórar ferðir

til Paralátursfjarðar og Reykjafjarðar á Ströndum. Enn fremur hefur verið farin ein ferð á viku til Flateyrar og ein ferð hálfsmánaðarlega til Þingeyrar og þá með viðkomu á milliliggjandi stöðum í báðum leiðum. Vestfjarðaferðirnar hafa þó ekki verið farnar þann tíma, sem vegurinn til Þingeyrar var fær bílum. Sett var ný vél í m/b Fagranes á árinu, og tók það og ýmsar aðrar aðgerðir á skipinu þrjá mánuði. Varð þá að leigja annan bát á meðan. Mun þessi viðgerð ásamt hinnu nýju vél hafa kostað um 270 þús. kr. Upp í vélarkaupin hefur verið veittur styrkur, 105 þús. kr., sem greiddur var með 55 þús. kr. á s. l. ári og á að greiða með 50 þús. kr. á þessu ári. Tap mun hafa orðið á rekstrinum á s. l. ári, er nemur 20—25 þús. kr.

Húnaflóa- og Strandabátur. — Hr. Sigurður Pétursson tók að sér ferðirnar með bát sínum Hörpu. Farin var ein áætlunarferð á viku milli Ingólfsfjarðar og Hvammstanga með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum í báðum leiðum. Auk þess voru farnar aukaferðir, er þurfa þótti. Halli mun hafa orðið á ferðum þessa báts um 15 þús. kr. Stafar þetta sumpart af hinnu vaxandi dýrtíð og sumpart af því, að flutningar hafa verið óvenjulega litlir, og enn fremur bilaði vél bátsins, svo að leigja varð annan bát um tíma. Sigurður Pétursson hefur sótt um 60 þús. kr. styrk til að kaupa nýja vél í bátinn. Tel ég vafasamt, að hægt sé að veita einstaklingi þannig styrk án skuldbindingar um, að báturinn verði framvegis í ferðum þessum. Tel ég, að betur fari á því að veita unmræddar 60 þús. kr. sem lán með veðrétti í bát og vél. Það versta við þennan bát er, að hann er ekki vel fallinn til að vera í flóa-bátaferðum og verður líklega aldrei, nema þá með mjög miklum tilkostnaði. Væri æskilegt, að síldarverksmiðjunum á Djúpuvík og Ingólfsfirði, sem hafa mestra hagsmuna að gæta í því, að sangöngurnar séu í lagi, tækju að sér að sjá fyrir þessum ferðum, og þyrftu þá helst að eiga bát, sem væri t. d. á Djúpuvík og hægt væri að grípa til, þegar á lægi, líka að vetrinum. Rekstur slíks báts yrði væntanlega mun ódýrari hjá verksmiðjunum, sem hefðu ýmis konar not fyrir hann og skipshöfnina á milli þess sem báturinn færi hinar föstu póstferðir.

Skagafjarðar- og Flóabátur til Siglufjarðar. — Hr. Steindór Jónsson sá um bátsferðir milli Siglufjarðar og Skagafjarðar með bát sínum Drang. Voru farnar tvær ferðir á viku frá Akureyri til Sauðárkróks með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum á Eyjafirði og Skagafirði. 1. júlí hófust svo hinar venjulegu sumarferðir milli Siglufjarðar og Skagafjarðar, og sá hr. Skafti Stefánsson um þær eins og að undanfögnu með bát sínum Mjölni. Var ferðunum þá hagað eins og áður, að farnar voru tvær ferðir í viku til Sauðárkróks og þrjár aukaferðir í viku til Haganesvíkur. 1. nóvember var sumarferðunum hætt, en Steindór Jónsson tók aftur við ferðunum með m/b Drang, og var þeim hagað eins og vetrarferðunum fyrri part ársins.

Norðurlandsbátur. — Hr. Steindór Jónsson sá um þessar ferðir með m/b Drang. Fram til 1. júní var ferðunum hagað eins og undanfarna vetur, þ. e. tvær ferðir í viku milli Akureyrar og Sauðárkróks með viðkomu á milliliggjandi höfnum í báðum leiðum. Einnig var farið til Grímseyjar, þegar ástæður leyfðu og þörf var fyrir ferðir þangað. 1. júní var Sauðárkróksferðunum hætt, þegar Skafti Stefánsson tók við þeim, eins og áður segir. Var þá ferðunum fjölgað milli Eyjafjarðar og hafna vestan Langaness. 1. nóvember tók svo Steindór Jónsson aftur við vetrarferðunum milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar, og var þeim hagað eins og í byrjun ársins. — Steindór Jónsson hefur um árabíl rekið flóabátaferðir fyrir Norðurlandi, fyrst með bát sínum Ester, en sá bátur var orðinn gamall og illa fær í þær ferðir. Réðst hann þess vegna í að kaupa skipið Eldey árið 1945 og lét setja í það 200 hestafla mótórvél og einnig farþegarúm, sem getur tekið 20 manns í hvilur og setsal fyrir 20—30 manns. Fékk skipið svo nafnið Drangur. Tap varð á rekstri m/b Drangs, og stafar það sumpart af hinnu miklu aukningu á dýrtíð, en sumpart af minnkandi flutningum, m. a. vegna þess, hvað snjólétt var fyrri part vetrar, svo að bílar gátu gengið alla leið til Akureyrar fram að nýári.

Hríseyjarbátur. — Bátur þessi gengur milli Hríseyjar og lands, aðallega í sambandi við bílferðir frá Akureyri. Einnig fer báturinn í aukaferðir til Ólafsfjarðar, Dalvíkur og Grenivíkur. Um 1000 manns mun hafa verið flutt með bátnum á árinu. Auk 3000 kr. rekstrarstyrks voru veittar 4000 kr. til viðbótar 6000 kr. frá árinu 1945 í endurbyggingarstyrk til þessa báts. Var þetta fé, samtals 10000 kr., notað til að kaupa bát og vél. Lagði hreppurinn annað eins á móti.

Flateyjarbátur á Skjálfanda. — Ferðum þessa báts hefur verið hagað líkt og undanfarið, þ. e. hálfmánaðar ferðir milli Húsavíkur og Flateyjar með viðkomu á Flateyjarðal. Erfiðlega gengur nú að fá bát til þessara ferða, og verður víst að hækka styrkinn lítils háttar, til þess að það takist.

Hornafjarðar—Austfjarðabátur. — Skipaútgerð ríkisins hefur eins og að undanfögnu séð fyrir þessum ferðum. Var m/b Birkir leigður í þær frá 11. febrúar til 11. júní. Var ferðunum hagað þannig, að farið var milli Hornafjarðar og Vopnafjarðar með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum í báðum leiðum. Einnig var farið nokkrum sinnum til Reykjavíkur til þess að sækja útgerðarvörur og þá aðallega benzín.

Loðmundarfjarðarbátur. — Sex lesta vélbátur, Gulltoppur, eigandi Þórir Dani-
elsson, Seyðisfirði, var fenginn til að halda uppi ferðum milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar. Var farin ein ferð á viku með viðkomu á venjulegum stöðum á Seyðisfirði og Loðmundarfirði.

Norðfjarðarbátur. — Bátur þessi hefur haldið uppi eins og að undanfögnu ferðum milli Viðfjarðar og Neskaupstaðar í sambandi við bílferðir til og frá Norðurlandi. Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur séð um ferðir þessar. Halli var á rekstri ferðanna, og hefur bæjarstjóri Neskaupstaðar farið fram á, að styrkurinn verði hækkaður til muna.

Mjóafjarðarbátur. — Bátur þessi heldur uppi ferðum milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar, og einnig hefur hann farið nokkrum sinnum til Seyðisfjarðar. Hreppsnefnd Mjóafjarðar sá um þessar ferðir. Í bréfi dags. 5. jan. þ. á. hefur hreppsnefndin farið fram á, að styrkurinn verði hækkaður upp í 15000 kr. Undanfarið hafa verið ferðar tilraunir til að sameina Mjóafjarðar- og Norðfjarðarferðirnar, þannig að sami báturinn annist hvort tveggja, en það hefur enn ekki tekizt, af því að Mjófirðingar hafa ekki talið sig hafa fullt gagn af ferðunum, nema báturinn, sem annist þær, ætti heima í Mjóafirði.

Eskifjarðarbátur. — Ferðir þessa báts eru milli Búðareyrar, Eskifjarðar og Hafranness í sambandi við bílferðir til og frá Búðareyri. Garðar Jónsson hafði þessar ferðir á hendi s. l. ár með bát sínum Heklu. Voru farnar 32 ferðir á tímabilinu 10. júní til 26. sept. og fluttir 405 farþegar.

Berufjarðarbátur. — Ferðir þessa báts voru yfir Berufjörð og voru í sambandi við bílferðir. Annaðist þær vélbáturinn Nanna frá Djúpavogi og flutti 60 farþega. Talið er, að styrkurinn þurfi að hækka lítillega, til þess að hægt sé að halda þessum ferðum áfram.

Mýrabátur á Faxaflóa. — Enginn sérstakur bátur hefur verið í þessum ferðum, heldur hafa tveir bændur séð fyrir þeim með opnum vélbátum sínum og farið ferðir, þegar þurfa þótti, og er styrknum skipt milli þeirra.

Flateyjarbátur á Breiðafirði. — H/f Norðri í Flatey hefur eins og undanfarið annazt flóabátaferðir þessar um norðanverðan Breiðafjörð með m/b Konráði. Var siglt eftir fyrirfram gerðri áætlun og auk þess farið vikulega ferðir milli Flateyjar, Brjánslækjar og Kinnarstaða. Hefur hr. Gísli Jónsson alþm. sótt fyrir hönd félagsins um, að styrkurinn verði hækkaður úr 40 þús. kr. upp í 48 þús. kr.

Patreksfjarðarbátur. — Hreppsnefnd Patreksfjarðar sér um ferðir þessar. eru daglega farnir ferðir frá Vatneyri yfir fjörðinn, önnur ferðin til Hvalskers, en hin til Örylgshafnar. eru ferðir þessar aðallega farnar vegna mjólkurflutninga.

Stykkishólmsbátur. — Kaupfélag Stykkishólms hefur séð um ferðir þessa báts, sem eru um sunnanverðan Breiðafjörð, og hefur m/b Baldur eins og að undanfögnu verið í þeim. Var siglt eftir fyrirfram gerðri áætlun og auk þess farnar póstferðir milli Stykkishólms, Flateyjar og Brjánslækjar.

Langeyjarnesbátur. — Bátur þessi hefur eins og að undanfögnu haldið uppi ferðum milli Langeyjarnes og Stykkishólms. Hafa venjulega verið farnar hálfsmánaðar ferðir og auk þess aukaferðir, þegar þótt hefur þurfa. Hefur verið farið fram á, að styrkurinn yrði hækkaður lítið eitt til þessara ferða.

Skógarstrandarbátur. — Bátur þessi hefur eins og að undanfögnu haldið uppi hálfsmánaðar ferðum milli Skógarstrandar og Stykkishólms og þess á milli farið aukaferðir, þegar þurfa þótti.

Stokkseyri—Vestmannaeyjar. — Ferðir þær, sem þessum bát eru ætlaðar, eru aðallega vegna fólksflutninga milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar. Var nótorbáturinn Gísli J. Johnsen hafður í þessum ferðum s. l. ár. Mun báturinn hafa farið 65 ferðir milli Vestmannaeyja og lands á tímabilinu 1. maí til 1. nóvember og flutt um 3000 farþega. Nú er kominn flugvöllur í Vestmannaeyjum, eins og kunnugt er, og dregur það mikið úr þörfinni fyrir þessar bátaferðir, en þó tel ég, að ekki sé hægt að leggja þær niður að svo stöddu.

Rangársandsbátur. — Enginn sérstakur bátur hefur verið í þessum ferðum, heldur hefur styrkurinn verið notaður til að létta undir flutninga hjá bændum milli Vestmannaeyja og Rangársands, og hefur sýslumaður Rangárvallasýslu séð um úthlutun styrksins.

Reykjavík—Akranes—Borgarnes-ferðir. H.f. Skallagrímur í Borgarnesi hefur eins og að undanfögnu annast þessar ferðir með skipi sínu Laxfossi og m/b Víði, sem félagið hefur tekið á leigu í þessu skyni. Félagið tók einnig að sér að halda uppi vikulegum ferðum með Laxfossi til Vestmannaeyja, og hefur verið að þeim mikil samgöngubót fyrir eyjarnar. Síðan flugvöllurinn kom í Vestmannaeyjum og var tekinn í notkun, hafa fólksflutningar með Laxfossi verið mjög litlir. Einnig hafa vöruflytningar minnkað mikið, og er það vegna þess, að nú fjölgar skipakomum til Vestmannaeyja, og einnig hefur m/s. Helgi haft vikulegar ferðir milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Hefur eigandi m/s. Helga, hr. Helgi Benediktsson, staðfest með bréfi 12. þ. m. til Skipaútgerðar ríkisins, að hann ætli að halda þessum vikulegu ferðum áfram þetta ár án þess að ætlast til styrks fyrir þær. Þá hefur afgreiðsla m.s. Laxfoss tilkynnt mér, að Laxfoss muni hætta Vestmannaeyjaferðum í maí n. k., en þá ætti annað nýja strandferðaskipið að vera komið, og vegna þess ætti skipaviðkomum í Vestmannaeyjum að fjölga. Vestmannaeyjar ættu því ekki að vera svo illa settar með skipaviðkomum, þó að Laxfoss hætti ferðum þangað.

Þegar Laxfoss hættir Vestmannaeyjaferðum, mun h/f. Skallagrímur sleppa Víði, en Laxfoss annast ferðirnar einn milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness. Er það skoðun mín, að Laxfoss geti annað þessum ferðum og ekki þurfi að styrkja þær frá ríkinu, a. m. k. ekki til neinna muna.

Eins og að undanfögnu hefur Skipaútgerð ríkisins reynt að sjá fyrir flutningum meðfram ströndum landsins. Auk strandferðaskipanna hafa ýmsir bátar og skip verið leigð til að vera í strandferðum um lengri eða skemmri tíma. Einnig hafa skip og bátar verið fengnir til að fara einstakar ferðir fyrir eigin reikning.

Skýrsla yfir flutt vörumagn og farþega á s. l. ári er ekki tilbúin. Mun flutningsmagnið vera eitthvað minna en 1945, en þá var það 48 þús. tonn og 17 þús. farþegar, og skip á vegum Skipaútgerðarinnar höfðu samtals 2330 strandferðaviðkomur.

Skipakostur sá, sem Skipaútgerð ríkisins hefur orðið að notast við til strandferða á síðustu árum, hefur verið mjög óhentugur, en nú er útlit fyrir, að úr því rakni, því að þrjú skip eru væntanleg til strandferða á þessu ári. Minni skipin, sem eru byggð í Bretlandi, eru væntanleg, fyrra skipið í apríl, en það síðara í maí eða byrjun júní, en strandferðaskipið, sem byggt er í Danmörku, er ekki væntanlegt fyrr en síðast á þessu ári.

Virðingarfyllt.

Pálmi Loftsson.